

## SAMÞYKKT

### um búfjárhald í Dalvíkurbyggð.

#### 1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórnun og eftirlit með búfjárhaldi í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar, m.a. til að koma í veg fyrir ágang búfjár á lóðir íbúa og vernda gróður í sveitarfélaginu.

Landbúnaðarráð Dalvíkurbyggðar fer með framkvæmd þessarar samþykktar.

#### 2. gr.

Með búfjárhaldi samkvæmt samþykkt þessari er átt við nautgripa-, hrossa-, sauðfjár-, svína-, kanínu-, loðdýra-, geita- og alifuglahald, sbr. 2. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald.

Búfjárhald utan lögbýla er óheimilt án leyfis landbúnaðarráðs Dalvíkurbyggðar.

#### 3. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi til búfjárhalds samkvæmt 2. mgr. 2. gr. skal senda skriflega umsókn til landbúnaðarráðs Dalvíkurbyggðar. Í umsókninni skal tilgreina tegund búfjár, fjölda þess og húsakost og annað er máli kann að skipta um öryggi þess og vörslu.

Telji landbúnaðarráð að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem krafist er samkvæmt gildandi lögum og stjórnvaldsreglum veitir það leyfið. Leyfið er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfið er háð samþykkt þessari og er uppsegjanlegt með eins árs fyrirvara miðað við 15. júní ár hvert.

Ef leyfishafi brýtur ítrekað gegn lögum nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. eða samþykkt þessari, má afturkalla leyfið með viku fyrirvara.

Útgáfa leyfis er háð því skilyrði að umsækjandi kaupi ábyrgðartryggingu á tjóni sem búfé veldur á hagsmunum þriðja aðila.

#### 4. gr.

Byggingafulltrúi skal halda skrá yfir lönd í eigu sveitarfélagsins Dalvíkurbyggðar sem úthlutað er til beitarnyrta og slægna. Umsókn um land til grasnytja fyrir búfé skal koma til byggingafulltrúa sem úthlutar leyfum, eftir umsögn landbúnaðarráðs. Leyfin eru gefin út á nafn og eru óframseljanleg.

Í leigusamningum skulu vera ákvæði um viðhald gróðurs og beitarnyrta. Byggingafulltrúi og/eða landbúnaðarráð geta krafist úrbóta eða svipt viðkomandi leigusamningi.

#### 5. gr.

Óheimilt er að halda búfé nema hafa fyrir það hús sem samræmist reglugerðum um aðbúnað búfjár. Sama gildir um allt umhverfi húsanna. Leyfishafi ber einn ábyrgð á því að hann hafi beitaland og fóður fyrir búfé sitt. Honum er skylt að gefa búfjárefntirlitsmanni upplýsingar um búfjáreign og hefynd og sýna honum búfé og aðstöðu þegar þess er óskað.

#### 6. gr.

Öllum umráðamönnum búfjár í sveitarfélaginu, á lögbýlum og utan þeirra er skylt að hafa það í vörslu sem hér segir:

- a) Hross og nautgripir, allt árið.
- b) Sauðfé, frá fyrstu göngum til 15. júní.

## 7. gr.

Hvern þann búfénað sem sleppur úr vörslu skal handsama og færa í örugga vörslu sem búfjárefartilitsmaður sér um. Eiganda skal tilkynnt um gripi sína og gert að sækja þá og greiða áfallinn kostnað, svo sem vegna tjóns og kostnað við handsömun. Við ítrekuð brot og hafi eigandi ekki hirt um að sækja gripi sína eða greiða áfallinn kostnað innan tíu daga, er heimilt að svipta viðkomandi leyfi til búfjárhalds. Um ráðstöfun gripa fer eftir lögum nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. og öðrum gildandi lögum og stjórnvaldsreglum á hverjum tíma eftir því sem við á.

## 8. gr.

Byggingar gripahúsa skulu einungis leyfðar á ákveðnum svæðum sem skipulögð eru fyrir búfjárhald. Þau gripahús sem fyrir eru í þéttbýlinu, á svæðum sem ætluð eru til annarra nota en búfjárhalds samkvæmt aðalskipulagi, skulu fjarlægð þegar bæjarstjórn samþykkir slíkt, með eins árs fyrirvara. Óheimilt er að byggja við þau, endurbyggja eða endurnýja, en gæta skal þess að þau líti vel út.

## 9. gr.

Þeir sem við gildistöku þessarar samþykktar, eiga eða hafa í umsjón sinni búfé sem fellur undir ákvæði hennar skulu tilkynna búfjárhald sitt til landbúnaðarráðs Dalvíkurbyggðar innan tveggja mánaða frá gildistöku samþykktarinnar.

## 10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála, sbr. 18. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl.

Samþykkt þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 103/2002 um búfjárhald og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 377/1995 um búfjárhald á Dalvík.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 22. september 2003.*

**Guðni Ágústsson.**

*Sigríður Norðmann.*